

# FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stjórnvísí, haldinn á Nauthól miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 11:45 – 13:00

Fundarstjóri: Jón Gunnar Borgþórsson

Fundarritari: Sigríður Harðardóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningsskil
3. Lagabreytingar
4. Kosning stjórnar
5. Kosning fagráðs
6. Kosning skoðunarmanna
7. Önnur mál

## 1. Ársskýrsla

Formaður stjórnar Stjórnvísí, Þórunn M. Óðinsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni stjórnar á liðnu starfsári. Þá tilkynnti Þórunn að hún muni nú ganga úr stjórn Stjórnvísí og þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf.

Þá tók til máls Gunnhildur Arnardóttir framkvæmdastjóri Stjórnvísí. Gunnhildur fór yfir skýrslu framkvæmdastjóra og helstu verkefni og viðburði Stjórnvísí á liðnu starfsári. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir voru um skýrsluna.

## 2. Reikningsskil

Framkvæmdastjóri Stjórnvísí lagði fram reikninga félagsins og voru þeir samþykktir án athugasemda.

## 3. Lagabreytingar

Lögð var fram breyting á 6. grein laga félagsins sem hljóðar svo: *6. gr. Í stjórn Stjórnvísí eru sjö stjórnarmenn og tveir varamenn. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn, og getur hann setið í tvö ár sem formaður, að hámarki. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið í tvö ár. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn og geta að*

*hámarki setið í tvö ár. Meginreglan skal vera sú að á hverju ári láti þrír stjórnarmenn af störfum. Ef atkvæði eru jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum. Leitast skal við að halda kynjahlutfalli sem jöfnustu innan stjórnar. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að árlega gangi annar þeirra út og nýr komi inn. Á fyrsta stjórnarfundi skiptir stjórnin með sér verkum og kys sér varaformann og ritara til eins árs í senn. Stjórnin tekur ákvarðanir varðandi stjórnun félagsins og daglegan rekstur, þ.m.t. nýjungar í starfseminni og eftirfylgni, í samstarfi við framkvæmdastjóra. Þá setur stjórnin félaginu markmið og ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins.*

Tillaga að lagabreytingu: 6. gr. Í stjórn Stjórnvísí eru **níu** stjórnarmenn. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn, og getur hann setið í tvö ár sem formaður, að hámarki. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið í tvö ár. Meginreglan skal vera sú að á hverju ári láti **fjórir** stjórnarmenn af störfum. Ef atkvæði eru jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum. Leitast skal við að halda kynjahlutfalli sem jöfnustu innan stjórnar. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að árlega gangi annar þeirra út og nýr komi inn. Á fyrsta stjórnarfundi skiptir stjórnin með sér verkum og kys sér varaformann og ritara til eins árs í senn. Stjórnin tekur ákvarðanir varðandi stjórnun félagsins og daglegan rekstur, þ.m.t. nýjungar í starfseminni og eftirfylgni, í samstarfi við framkvæmdastjóra. Þá setur stjórnin félaginu markmið og ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Lagabreytingin var samþykkt en jafnframt sendir aðalfundur frá sér eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Stjórnvísí leggur til að komandi stjórn taki lagabreytingu 6. greinar til endurskoðunar með tilliti til nýliðunar stjórnarmeðlima þannig að tryggt sé að meirihluti stjórnar hverfi ekki úr stjórn á sama tíma og glati þannig ákveðinni þekkingu og reynslu sem skapast hefur. Þá leggur aðalfundur einnig til að í kjölfarið verði sú útfærsla skoðuð að stjórnarmaður geti boðið sig fram í eitt ár til viðbótar þeim tveimur árum sem hann er kjörinn til setu.

#### 4. Kosning stjórnar

Í stjórn Stjórnvísí eru níu stjórnarmenn. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn, og getur hann setið í tvö ár sem formaður, að hámarki. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn og geta að hámarki setið í tvö ár. Meginreglan skal vera sú að á hverju ári láti fjórir stjórnarmenn af störfum. Ef atkvæði eru jöfn skal hlutkesti ráða úrslitum. Leitast skal við að halda kynjahlutfalli sem jöfnustu innan stjórnar.

Eftirtaldir hafa boðið sig fram til stjórnar Stjórnvísí starfsárið 2019-2020 en frestur til framboðs rann út þann 1. maí síðastliðinn samkvæmt reglum félagsins.

Formaður:

Til formanns hefur borist eitt framboð: Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir. Aðalheiður hefur setið í stjórn Stjórnvísí sl. 2 ár og þar á undan veitti hún faghópi um þjónustu- og markaðsstjórnun formennsku til fjölda ára. Aðalheiður var kjörin einróma.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtalin kosin til tveggja ára í aðalstjórn:

1. Berglind Björk Hreinsdóttir, mannauðsstjóri Hrafnistuheimilanna
2. Guðjón Örn Helgason, sérfræðingur í mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg
3. Kristján Geir Gunnarsson, forstjóri Kassagerðar Reykjavíkur

Önnur framboð í aðalstjórn sem kosið var um á aðalfundinum eru:

1. Ásdís Erla Jónsdóttir, forstöðumaður Opna háskólans í HR. Hún býður sig fram til eins árs.
2. Guðný Halla Hauksdóttir, forstöðumaður þjónustuvers- og innheimtu Orkuveitu Reykjavíkur. Guðný Halla gegnir einnig formennsku faghóps um þjónustu- og gæðastjórnun.
3. Jón Gunnar Borgþórsson, vottaður stjórnendaráðgjafi (CMC-Certified Management Consultant). Jón Gunnar var kjörin varamaður í stjórn 2018.
4. Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs Strætó bs. Sigríður var kjörin varamaður í stjórn 2018.
5. Ingi Björn Sigurðsson, verkefnastjóri Icelandic Startups.

Fyrrgreindir frambjóðendur til aðalstjórnar voru kjörnir einróma og skipa því stjórn Stjórnvísí starfsárið 2019-2020.

## 5. Kosning fagráðs

Kosið er í fagráð Stjórnvísí til tveggja ára í senn og er skipt út tveimur annað árið en þremur hitt árið. Eftirtalin hafa boðið sig fram í fagráð félagsins:

1. Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (2018-2020)
2. Einar Snorri Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Landsnets (2019-2021)
3. Jóhanna Þ. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Inness (2018-2020)
4. Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs (2018-2020)
5. Nótt Thorberg, forstöðumaður Loyalty Icelandair (2019-2021)

Fagráðið var kjörið einróma.

## 6. Kosning skoðunarmanna

Á síðasta aðalfundi voru kosnir tveir skoðunarmenn til tveggja ára, 2018-2020.

1. Oddný Assa Jóhannesdóttir, endurskoðendasviði KPMG
2. Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðendasviðs KPMG

## 7. Önnur mál

Skv. 4.grein í reglum félags Stjórnvísí er kveðið á um að aðalfundur ákveði félagsgjöld fyrir eitt ár í senn. Að þessu sinni leggur stjórn til að félagsgjöld verði hækkuð um 10%. Ástæða hækkunarinnar er aukin þjónusta við félagsmenn sem og hækkun á launavísitölu.

Hækkun var samþykkt. Fram kom tillaga frá fundarmanni um að gjaldskrá Stjórnvísí ætti að endurskoða í heild sinni á einhverjum tímamarki. Stjórn mun taka afstöðu til þess á komandi starfsári.

Að lokum vildi Þórunn M. Óðinsdóttir þakka framkvæmdastjóra og stjórn fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf síðust ára.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 12:45.